




Starfslok - snúa við starfslokum

Hér á eftir er yfirlit um hvernig setja skal starfslok á starfsmann, hvernig það er gert og hvaða áhrif það hefur sem og hvernig snúa skal starfslokum við og hvers þarf að gæta þegar það er gert.

1. Stillum dagsetningu í kerfinu á daginn í dag, þótt starfslokaaðgerðin krefjist þess ekki, þá er betra að vera í núinu.  smellum á dagsetninguna á valmyndastikunni (sjá bls. 11 í þessum kafla.)



2. Finnum viðkomandi einstakling. Það er hægt að gera á margan hátt, Best er að velja Vasaljósið og slá inn kennitölu viðkomandi. Einnig má leita eftir nafni eða slá inn starfsmannanúmer viðkomandi.



Starfslok - snúa við starfslokum



Þegar réttur starfsmaður er fundinn þá er smellt á hnappinn (næst neðst til hægri), starfslok

Einstaklingskráning: 01.09.2011

Nafn
Fullt nafn Jón Jónsson

Kyn Karl Aðgerð
Staða

Staða
Starfsmaður

Auðkenni
Starfsmaður 87938
Kennitala 020274-2419

Persónulegt Starf Skrifstofa Umsækjandi Nafn Annað Bætur

Fæðingardagur 02.02.1974 Aldur 37
Þjóðerni Island

Gildisdagsetningar
Frá 01.01.2008 Til Síðasti ráðningardagur 01.01.2008 []

Skattkort Séreign Starf Starfslok Annað...



Þá kemur upp starfslokavalmyndin, í hana þarf a.m.k þrennt að vera skráð, Ástæða starfsloka, Dags. starfsloka og síðan þarf einnig að velja hornklofasvæðið neðst hægra megin og ástæðu starfsloka sem þar birtist. Að lokum er vistað með því að smella á diskettutáknið eða velja <CTRL+S>.

Það má líka setja inn í starfslokamyndina dagsetningar um hvenær starfslok voru tilkynnt og einnig áætluð.

Ekki skal setja inn dagsetningu í Lokakeyrsla launa nema víst sé að viðkomandi eigi ekki eftir að fá greiðslur eftir þann dag.

Ef skráð er dagsetning í reitinn Lokakeyrsla launa, þá er ekki hægt að greiða neinar greiðslur eftir þann dag.

Starfsaldur
Í þessu starfi Samtals

Upphafsdags. 01.01.2008
Ástæða starfsloka
Dagsetning starfsloka

Tilkynnt Áætluð Dags. starfsloka
Síðasta reglubundna launakeyrslan Lokakeyrsla launa

Staða eftir starfslok
Starfsmaður Starf


Starfslok samþykkt af
Dagsetning Nafn Númer

Starfslok Snúa við starfslokum

5.

Þegar valið er ástæða starfsloka þá koma upp eftirfarandi valmöguleikar:



*Velja skal það sem
á við*



6.

Svo er smellt inn í Hornklofann neðst til hægri og þegar valin er ástæða starfsloka þá koma upp eftirfarandi valmöguleikar:

*Velja skal það sem
á við*





Starfslok - snúa við starfslokum



7.

Þegar búið er að fylla út í áðurtalin þrjú svæði þá eru starflokinn vistuð með því að smella á diskettuna í valmyndastíkkunni eða með <CTRL+S>. Þá kemur upp aðvörðun um að allar launafærslur falli niður á starfinu og það er samþykkt. Einnig er samþykkt aðvörðun um framtíðardags, breytingar.



Þegar starfslok eru gerð þá þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- hvað á að loka fyrir,
- hvað er sameiginlegt með öðrum stofnunum og á ekki að loka fyrir

Þegar starfslok eru sett í einstaklingskráningar-valmynd, þá lokast fyrir:

- allar framtíðar launaforsendur, en hægt að greiða breytilegar launaforsendur sem og uppgjör á orlofi og desemberuppbót.
- inni í Vinnustund kemur starfsmaður ekki lengur fram, það þarf samt að fara inn í Vinnustund og loka starfsmanni þar og gera upp orlof (sjá lið 4)
- er ekki lengur með á diskó listum yfir virka starfsmenn,
- aðgangi inn í Orra verður lokað í næsta mánuði, ef liggur á að loka aðgangi þá þarf að tilkynna það til Fjársýslu sérstaklega.

Ef stofnunin er með Vinnustund þá þarf einnig að loka starfsmanninum í Vinnustundinni og gera upp orlof hans.



Fara þarf inn í Vinnustund og endadagsetja vinnufyrirkomulag, síusamning og/eða yfirvinnusamning og gera upp orlof viðkomandi og önnur leyfi sem eru til uppgjörs.

Starfslokum snúið við

Ef starfsmaður sem er með starfslok á sér kemur aftur til vinnu, þá er starfslokum snúið við.

Þegar starfslokum er snúið við þarf að athuga ýmislegt varðandi það tímabil, sem viðkomandi var ekki í starfi frá því að hann hætti og þar til hann byrjar aftur, þannig að starfssaga hans verði rétt sem og ávinnsla orlofs.

8. Þá er aftur viðkomandi starfsmaður valinn og smelt á starfslokahnappinn, þegar einstaklingskráningarmynd hans kemur upp. Þá kemur upp starfslokamynd viðkomandi og þar er valið að snúa við starfslokum.

Einastaklingskráning 01.09.2011

Nafn
Fullt nafn Jón Jónsson

Kyn Karl Aðgerð
Staða

Staða
Starfsmaður

Auðkenni
Starfsmaður 87938
Kennitala 020274-2419

Persónulegt Starf Skrifstofa Umsækjandi Nafn Annað Bætur

Fæðingardagur 02.02.1974 Aldur 37
Þjóðemi Ísland

Gildisdagsetningar
Frá 01.01.2008 Til Síðasti ráðningardagur 01.01.2008 [.]

Skattkort Séreign Starf 8. Starfslok Annað...

Ath að taka eftir dagsetningum á starfslokunum því þær þarf að nota til þess að gera viðkomandi starf óvirkt frá og með þeirri dagsetningu til þess dags sem viðkomandi hefur störf að nýju.

Starfslok (Jón Jónsson)

Upphafsdags 01.01.2008
Ástæða starfsloka Að frumkvæði starfsmanns

Starfsaldur
Í þessu starfi Samtals

Dagsetning starfsloka
Tilkynnt Áætluð Dags starfsloka 31.05.2013
Síðasta reglubundna launakeyrsln 31.05.2013 Lokakeyrsln launa

Staða eftir starfslok
Starfsmaður Fyrirverandi starfsm Starf Starfi lokið

Starfslok samþykkt af
Dagsetning Nafn Númer [Sac]


Starfslok 8. Snúa við starfslokum

Ath. að þegar starfslokum er snúið við þá verður starf viðkomandi virkt alveg frá því að starfslokin voru skráð á viðkomandi starfsmann og þarf því að laga skráningu á starfinu í Orranum þannig að það sé gert óvirkt frá og með næsta degi eftir síðasta vinnudag starfsmannsins. Það er síðan gert virkt aftur frá og með þeim degi að starfsmaður hefur störf að nýju. Annars verður starfssaga viðkomandi röng sem og ávinnsla orlofs.

Starfslok - snúa við starfslokum

9.


Þegar valið er að snúa við starfslokum með því að smella á hnappinn “Snúa við starfslokum”, þá kemur eftirfarandi aðvörun upp:



Þetta minnir okkur á að nú er verið að hreinsa starfslokin á starfinu út og ef við gerðum ekkert meira, þá væri starfssaga viðkomandi samfelld eins og starfslokin hefðu aldrei verið sett inn og orlofsávinnsla viðkomandi yrði einnig röng í Vinnustundinni. Við þurfum því að laga viðkomandi starf í Orranum.

10.

Þá þurfum við að velja starfamyndina



Þegar starfsglugginn er opnaður, þá sjáum við að starf viðkomandi er orðið virkt því það gerðist um leið og við tókum starfslokin af.

Starf: 01.06.2013(Jón Jónsson)

Skipulagseining: FLK Áætlana- og þróunarsvið | Stéttarfélag: 5574.9401
 Starfsheiti: FLK.Launafulltrúi. | Stöðuheiti:
 Samn. og launaf.: 631.040 | Keyrsla: Mánaðargreiðsla
 Staðsetning: FLK Áætlunar- og þróunarsvið | Staða: Virkt starf
 Laust starf:
 Starfsnúmer: 87938 | Stéttarfélagssamningur:
 Starfaflokkun: Dagvinna | Starfaflokkun:
 Launaupplýsingar | **Næsti yfirmaður** | Reynslu- og uppsagnarfrestur | Vinnutími | Lögboðnar upplýsingar | Ýmislegt

Nafn:
 Starfsm.númer:
 Gildisdagsetning: Frá 16.09.2011 Til: [..0]

Lunaforsendur | Starfshlutfall | Launaseðlar | Annað...



Þá þurfum við að fara til baka í kerfinu á þá dagsetningu sem á að vera 1. dagur eftir síðasta starfsdag og hann var 31.05.13 og því stillum við kerfið á 01.06.2013

Starf(Jón Jónsson)

Skipulagseining: FLK Áætlana- og þróunarsvið | Stéttarfélag: 5574.9401
 Starfsheiti: FLK.Launafulltrúi. | Stöðuheiti:
 Samn. og launaf.: 631.040 | Keyrsla: Mánaðargreiðsla
 Staðsetning: FLK Áætlunar- og þróunarsvið | Staða: Virkt starf
 Laust starf:
 Starfsnúmer: 87938 | Stéttarfélagssamningur:
 Starfaflokkun:
 Launaupplýsingar | **Næsti yfi**

Nafn:
 Starfsm.númer:
 Gildisdagsetning: 01.06.2013 | Dagsetning í dag: 12.09.2013
 Í lagi | Dagurinn í dag | Hætta við


Gildisdagsetning: Frá 16.09.2011 Til: [..0]

Lunaforsendur | Starfshlutfall | Launaseðlar | Annað...

Starfslok - snúa við starfslokum


12.

Síðan förum við reitinn Staða starfs þar sem stendur virkt starf og breytum stöðunni frá og með 1. júní í óvirkt starf með því að velja Óvirkt starf veljum síðan OK og vistum breytingarnar.



13.

Þá þurfum við aftur að færa okkur til í tíma í kerfinu og stillum nú dagsetninguna í Orranum á fyrsta dag sem viðkomandi hefur störf aftur og breytum stöðunni á starfinu sem nú er óvirkt yfir í virkt starf og vistum breytingarnar



Þá er starfsmaðurinn orðinn virkur í starfinu frá og með rétttri dagsetningu og ávinnsla orlofs rétt. Síðan þarf að fara yfir starfsupplýsingar, launaupplýsingar, bankareikning ofl., til þess að tryggja að allt sé rétt skráð.

Starfslok skráð á starfsmann á fyrirfram launum.



Ef starfslok eru skráð á þann sem er á fyrirfram launum í tæka tíð þá virka þau rétt. Tekjuforsendan fær endadagsetningu miðað við þann dag sem skráður er í reitinn Dags. starfsloka

Dags. starfsloka 30.09.2013

og skráir þá dagsetningu líka í Dags. til í forsendugildi tekjuforsendunnar.

Ef hins vegar er búið að reikna laun á viðkomandi, þá er er komin skráning á dagsetningu, í forsendugildi skráð í Dags. til reitnum í launaforsendunum og þá yfirskrifar starfslokaaðgerðin hana ekki !!


Athugasemdir sem koma þegar fyrirfram tekjuforsenda er enn inni á starfslokadegi vegna þess að starfslokaaðgerðin er gerð of seint kerfislega séð:



ath þessi athugasemd að Dags. til verður að vera hærrí en 30.09.2013 kemur þegar tekjuforsendan er enn inni þegar reynt er að nota starfslokamyndina vegna þess að ef tekjuforsendan mánaðarlaun fyrirfram er enn inni á deginum 30.09.2013 sem er síðasti dagur almanaksmánaðarins þá reiknar Orri októberlaun út frá henni.

Starfslok - snúa við starfslokum

Það dugur ekki að vera t.d. á dagsetningunni 17.09.2013 í kerfinu og endadagsetja eða eyða út viðkomandi launaforsendu þá birtist þessi athugasemd frá kerfinu:



Þegar reynt var að nota skipunina eyða með því að vera með dagsetninguna á kerfisstillingunni 17.09.2013 svo tekjuforsendan væri ekki til á dagsetningu síðasta dags september og síðan var farið í starfslokamyndnina og reynta að skrá starfslok miðað við 30.09.2013.

Það dugir ekki að gera það heldur þarf að færa sig að minnsta kosti á kerfisdagsetningu síðasta dags mánaðarins áður en viðkomandi hætti sem er síðasti dagurinn sem rétt var að reikna mánaðarlaun fyrirfram á viðkomandi. Við það að skrá endadagsetningu (ný gildisdagsetning birtist í til) þennan dag þ.e. 31.08.2013 á mánaðarlaun fyrirfram er hægt að skrá starfslokin réttilega á 30.09.2013. Starfslokaaðgerðin vill ekki finna fyrirfram tekjuforsenduna á launatímabilinu sem er til greiðslu þó svo hún sé óvirk á síðasta degi uppgjörstímabilsins !!!!



Nafn launategundar	Tegund	Kostnaður	Ástæða	Gildisdags.	
				Frá	Til
Innheimtumaður ríkissjóðs	Breytileg forsen			01.08.2013	31.08.2013
Félagsgjald háskólakennarar HÍ	Fóst forsenda			01.10.2003	
Fjölskyldusj Félag háskólakennarar	Fóst forsenda			01.10.2003	
Mánaðarlaun fyrirfram	Fóst forsenda			01.10.2003	31.08.2013

Valmyndastikan í Orra.

	Nýtt	Býr til nýjan skráningarglugga
	Finna	Kallar fram leitarglugga
	Sýna aðalvalmynd	Kallar fram aðalvalmynd
	Vista	Vistar síðustu færslu(r)
	Næsta skref	Þessi hnappur er óvirkur í Orra
	Skipta um ábyrgðarsvið	Kallar fram lista með ábyrgðarsviðum
	Prenta	Prentar upplýsingar úr virkum glugga
	Loka skjámynd	Lokar virkum glugga
	Klippa	Klippir út valinn texta
	Afrita	Afritar valinn texta
	Líma	Límir útklipptan eða afritaðan texta
	Hreinsa færslu	Hreinsar texta úr skráningarreit(um)
	Eyða	Eyðir skráningu úr Orra
	Skrá í reit	Opnar nýjan glugga sem hægt er að skrá upplýsingar í
	Þysja	Þessi hnappur er óvirkur í Orra
	Tungumál	Þessi hnappur er óvirkur í Orra
	Viðhengi	Kallar fram skráningarglugga viðhengja
	Möppuhnappar	Kallar fram möppuhnappa-glugga
	Önnur gildisdagsetning	Kallar fram tímaflakks-glugga
	Dags.breyt.saga	Kallar fram glugga með sögu skráningar og breytinga
	Flytja gögn út	Opnar ferli til að flytja gögn úr Orra í önnur forrit
	Gluggahjálp	Opnar hjálparglugga á ensku